



KRISTNIHÁTÍÐ

Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kristnihátíð Vestfjarða
Patreksfirði
13. júní 1999

Biskup Íslands

Heiðruðu hátíðargestir

Frásögnin um frelsarann og fiskimennina snertir okkur Vestfirðinga með sérstökum hætti. Hún tengist lífsbaráttu og samkennd fólksins sem lengi hefur lifað hér með sjónum, átt sitt undir því sem dregið var að landi í misjöfnum veðrum.

Það er eitthvað svo vestfirskt við samræður Jesú og þeirra bræðra Símons og Andrésar, og reyndar einnig Jakobs og Jóhannesar. Hinir fyrri að kasta netum í vatnið þegar Jesús býður þeim að fylgja sér og hinir síðari í bátnum að gera netin klár.

Fyrir okkur sem vorum svo lánsöm að alast upp í vestfirsku sjávarplássi, við brimið sem barði bryggjurnar, samræður við karlana í beitskúrum og biðina eftir að sjómennirnir kæmu heilir heim, fyrir okkur var þessi frásögn Biblíunnar nánast eins og saga úr næsta plássi. Boðskapur fagnaðarerindisins, nálægur, einfaldur og ljós. Þetta voru okkar menn, hvunndagshetjur sem stigu beint úr atinu til að fylgja frelsaranum.

Og kannski varð skilningur okkar krakkanna á sjálfum Jesú þá skarpastur, lotningin dýpst, þegar við heyrðum lýsingu Markúsarguðspjalls á storminum mikla þegar ágjöfin var svo mikil að við lá að báturinn fylltist en Jesús svaf vært í skutnum.

Lærisveinarnir vöktu hann í ofboði og spurðu óttaslegnir: „Hirðir þú ekki um að við förumst?“

En líkt og góður skipstjóri sem vald hefur á skipi sínu sýndi Jesú stillingu í óveðrinu, og því næst mátt sinn sem vissulega var meiri en skipstjóranna sem lönduðu á bryggjunni heima.

Hann vaknaði, hastaði á vindinn og sagði við vatnið: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ Þá lægði vindinn og gerði stillilogn. Og hann sagði við þá: „Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn enga trú?“ En þeir urðu miklum ótta lostnir og sögðu hver við annan: „Hver er þessi? Jafnvel vindur og vatn hlýða honum.“

Þessi texti Markúsarguðspjalls og aðrar frásagnir Biblíunnar um samfylgd frelsarans og fiskimanna hafa verið Vestfirðingum sönnun þess að fagnaðarerindið væri í reynd þeirra saga og þeirra líf. Að barátta fyrir brauðinu undir bröttum hlíðum, sjósókn í grimnum veðrum á litlum bátum en studd af trú á æðri leiðsögn — allt þetta

væri sömu ættar og æviskeið lærisveinanna sem fyrir nær 2000 árum urðu fyrstir til að fylgja Kristi.

Örlög vestfirskra sjómanna og bænda, lífsbaráttan á löngum vetrum og frostköldum vorum, fórnir sem snertu hjartarætur sérhverrar fjölskyldu, óvissan og örvæntingin; allt á það rætur í þeim sama garði trúar og vonar og guðspjöllin lýsa í knappri frásögn.

Vestfirskur veruleiki kallast á við sögurnar sígildu af lífsgöngu lærisveinanna frá efa og óvissu til sannfæringar og trúarhita. Og við Íslendingar höfum í þúsund ár séð okkur sjálf, speglað og túlkað líf okkar og tilveru með vísan í dæmisögur Biblíunnar, baráttu og fórnardauða frelsarans, upprisu hans og eilíft líf.

Um langan aldur hafa kirkjurnar hér fært Vestfirðingum staðfestingu þess að boðskapur Krists öðlast sérstakt gildi, nær djúpu jarðsambandi þegar hann snertir lífsreynslu sóknarbarna sem sitja þétt á gömlum bekkjum, hlýða á ritningarlestur og ræðu prestsins og syngja lágt með kirkjukórnum.

Þessi reynsla var ríkur þáttur minnar æsku, þegar ég ungur drengur fylgdi afa mínum, sem var um áratugi meðhjálpari í Þingeyrarkirkju, til hverrar messu, hjálpaði honum að kveikja á kertum og beið svo eftir því að þorpsbúar kæmu prúðbúnir eftir eyrinni og sameinuðust við kirkjudyr. Hvort heldur það var á vori eða vetri, hvort sem sólin skein á fjörðinn eða skafrenningur blés í skafla við kirkjuvegginn, þá var guðshúsið í senn hjartað og sálin í mannlífinu vestra. Þar var lífsmiðjan, samastaður tilverunnar ár af ári, frá kynslóð til kynslóðar, öld framaf öld.

Það er þessi samtvinnan fagnaðarerindis og eigin lífsreynslu sem gert hefur kristnina svo samofna íslenskri menningu og þjóðarvitund að saga þjóðarinnar og saga kirkjunnar eru tvær máttugar greinar á sama meiði.

Kristnihátíð Vestfirðinga er því ekki aðeins helguð minningum um sálmaskáld og biskupsefni sem hér léku í túni, ekki aðeins haldin til að heiðra kirkjusmiði og hylla hagleiksfólk sem gert hefur guðspjónustunni fagra umgjörð og fært helgidóminn í glæstan búning. Ekki er heldur boðað til þessarar hátíðar til þess eins, að búa íbúa fjórðungsins til farar á hina miklu þjóðhátíð íslenskrar kristni á Þingvöllum að ári.

Kristnihátíð á Vestfjörðum er umfram allt lofsöngur. Hún er óður til þeirrar heitu og staðföstu trúar á lífið sem fagnaðarerindið hefur kynt í brjóstum fólksins hér, í litlum bæjum og byggðum með sjóinn á aðra hönd og fjöllin sem teygja sig til himins á hina. Hún er dýrðaróður til helgidómsins, kirknanna í fjórðungnum þar sem fólkið fann samstöðu sína og samlíðan með náunganum, og kjark og þor til að sigrast á þeim erfiðleikum sem ávallt hafa fylgt búsetu hér vestra, ekki aðeins nú heldur líka fyrrum, allt frá kristnitöku til nútíðar, senn í heilt árþúsund.

Kristnihátíð Vestfirðinga er líka helguð sjómönnum og bændum sem varðveitt hafa byggðirnar, eflt þær og styrkt á hverjum tíma, og reyndar einnig öllum þeim sem á nýrri öld og í árdaga nýs árþúsunds munu efla sókn fjórðungsins til framfara og farsældar.

Kristnihátíð Vestfirðinga er áminning um að kjölfesta kristindóms um breiðar byggðir landsins hefur hvorki verið í hátimbruðum húsum né tilskipunum valdsmanna, heldur í bænum sem fluttar voru við borðstokkinn eða á bæjarhellum. Fegursta musteri hans hefur verið í brjósti sérhvers sannkristins manns, í þeirri einföldu barnatrú sem byggir brú milli eigin tilveru og þeirra frásagna sem við lesum í heilagri ritningu.

Ég þakka prestum og próföstum Vestfjarða, sóknarstjórnnum og safnaðaförystu fyrir að efna til þessarar hátíðar og það er með þakklæti í huga og fögnuð í hjarta sem ég kem á ný hingað vestur.

Það er von mín einlæg og sterk, að æskan í sjávarbyggðum Vestfjarða muni líkt og ég gerði ungur áfram sækja bjartsýni og þor í þá samfellu mannlífs og kristni sem um aldir hefur verið aðal vestfirskrar vitundar.